

~~Alþingi~~

Erindi nr. Þ 118 1444
komudagur 9/12 1994

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 564 1788, fax 564 2988

Kópavogi, 9. desember 1994

Eftirfarandi umsögn var samþykkt um frumvarp til grunnskólalaga á fundi stjórnar SSH 9. des. 1994.

Stjórn SSH ítrekar þá afstöðu samtakanna að flytja beri umsjón og ábyrgð á rekstri grunnskóla alfarið til sveitarfélaganna.

Stjórnin leggur áherslu á að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning tekjustofna til sveitarfélaga til að standa undir kostnaði sem fylgir yfirtökunni og framkvæmd nýrra grunnskólalaga þ.m.t. einsetningu. Nauðsynlegt er að komið verði til móts við sveitarfélögin fjárhagslega vegna langvarandi fjárskorts ýmissa sérskóla, sérdeilda, námsgagnastofnunar og fræðsluskrifstofa. Einnig er nauðsynlegt að samkomulag náist milli kennara, ríkis og sveitarfélaga um kjara- og réttindamál kennara áður en af flutningi grunnskóla verður.

Að öðru leyti vísar stjórn SSH til umsagna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambands íslenskra sveitarfélaga.